

**Ed.**

**916. Nefndarálit**

**[396. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur frv. af eftirgreindum ástæðum:

Sú breyting, sem lögð er til í frv., verndar ekki hag framleiðenda. Þeir njóta nú þegar verndar vegna þess að innflutningur á grænmeti og garðávöxtum er ekki heimill meðan nægilegt framboð er af innlendri framleiðslu. Varðandi kartöflur er um að ræða mjög stutt tímabil þegar innlend framleiðsla og erlend er samtímis á markaðnum og þess vegna ekki þörf þeirrar verndar sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá er minni hl. nefndarinnar andvígur því að samþykkja svo víðtækt framsal skattlagningarvalds frá Alþingi til ráðherra. Vafasamt getur raunar verið hvort slíkt er heimilt miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Enn fremur skal sérstaklega varað við því víðtæka ákvæði frv. að umræddan skatt megi leggja á vörur unnar úr kartöflum. Þar er um að ræða mjög margar vörutegundir og fráleitt að geðþótti ráðherra eigi að ráða því á hvaða verði neytendur þurfa að kaupa þær vörur, sem og aðrar vörur.

Samþykkt frv. leiðir til hækkunar til neytenda á þeim vörutegundum sem frv. tekur til. Því mun minni hl. nefndarinnar greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Kolbrún Jónsdóttir,  
frsm.

Eiður Guðnason.